# FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI ÁRIÐ 1987 OG FRAMLEIÐSLUÁFORM NÆSTU ÁR.

Reykjavík, janúar 1988

VMST-R/88002

Eintak bókasafns

VMST- R/88002

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Fiskeldisdeild

VMST-R/88002

EINTAK BÓKASAFNS

VEIÐIMÁLASTOFNUN

VEIÐIMÁLASTOFNUN
HVERFISGÖTU 116, PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

# FRAMLEIÐSLA Í ÍSLENSKU FISKELDI ÁRIÐ 1987
# OG FRAMLEIÐSLUÁFORM NÆSTU ÁR.

Reykjavík, janúar 1988 VMST-R/88002

SAMANTEKT.

Á skrá hjá Veiðimálastofnun eru 113 fiskeldisstöðvar og af þeim hafa 94 hafið rekstur. Framleiðslugeta seiðaeldisstöðva er núna um 20 milljónir og matfiskeldisstöðva rúmlega 4.000 tonn.

Á árinu 1987 voru framleiddar um 4.6 milljónir gönguseiða og 530 tonn af laxi. Framleiðsla á silungi var 152.5 tonn og um 0.6 milljónir sjóeldisseiða. Heildarframleiðslan var því 682.5 tonn af laxi og silungi og 5.2 milljónir seiða. Heildarverðmæti eldisafurða var 549 milljónir og fjöldi ársverka var 242.5.

Á þessu ári er áætlað að framleidd verði um 1.800 tonn af laxi og silungi og um 12 milljónir laxaseiða og tæp milljón silungsseiða. Á næsta ári er gert ráð fyrir að framleidd verði um 3.000 tonn af laxi og silungi og rúmar 15 milljónir seiða.

Áætlað er að um 2 milljónir laxaseiða fari í hafbeit og 2-3 milljónir í áframeldi og gert er ráð fyrir að í mesta lagi verði hægt að flytja út 4-5 milljónir seiða. Samtals gerir þetta 8-10 milljónir seiða og ef miðað er við að framleiddar verði 12 milljónir seiða í ár, er óráðstafað um 2-4 milljónum og meira ef minna en 4-5 milljónir seiða verða fluttar út.

**Efnisyfirlit**

bls.


1.0 Inngangur ..... 1
2.0 Fjöldi fiskeldis- og hafbeitarstöðva ..... 1
3.0 Famleiðslugeta íslenskra fiskeldisstöðva ..... 2
4.0 Framleiðslan ..... 2
4.1 Laxeldi ..... 3
4.2 Silungseldi ..... 3
4.3 Annað eldi ..... 4
4.4 Verðmæti eldisafurða ..... 4
5.0 Atvinnutækifæri í fiskeldi ..... 5
6.0 Framleiðslan næstu ár ..... 5
6.1 Seiðaeldi - Birgðastaða og framleiðslan næstu ár ..... 5
6.2 Matfiskeldi - Birgðastaða og framleiðslan næstu ár ..... 6
7.0 Almennar upplýsingar um eldisstöðvar ..... 6
8.0 Heimildir ..... 7
Viðauki 1. Framleiðsla einstakra stöðva ..... 8
Viðauki 2. Listi yfir skráðar eldisstöðvar ..... 11

## 1.0 INNGANGUR.

Þetta upplýsingarit Veiðimálastofnunar um framleiðslu í fiskeldi og hafbeit á Íslandi er hið fjórða í röðinni og fjallar um árið 1987. Hin fyrri innihalda sambærilegar upplýsingar um árin 1984-1986 (Árni Helgasson 1985,1986a,b).

Meðal efnis er m.a. ítarleg greinargerð um framleiðslu í lax- og silungseldi í öllum starfandi fiskeldis- og hafbeitarstöðvum í landinu og skipting milli eldisgreina og kjördæma. Einnig er fjallað um verðmæti eldisafurða, núverandi framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva og fjölda atvinnutækifæra sem fiskeldi veitir. Upplýsingar eru gefnar um birgðastöðu íslenskra fiskeldisstöðva um áramótin 1987/1988 og framleiðsluáætlun er gerð fyrir næstu ár og að síðustu veittar almennar upplýsingar um eldisfyrirtækin í landinu.

Allar upplýsingar sem hér eru birtar um eldisstöðvar og framleiðslu þeirra eru látnar í té af forsvarsmönnum stöðvanna. Að þessari skýrslu unnu Valdimar Gunnarsson og Hugrún Gunnarsdóttir.

## 2.0 FJÖLDI FISKELDIS- OG HAFBEITARSTÖÐVA.

Á skrá hjá Veiðimálastofnun eru 113 fiskeldis- og hafbeitarstöðvar þann 1. janúar 1988, og hefur þeim fjölgað um 27 á einu ári. Á árinu voru 6 fiskeldisstöðvar teknar af skrá þar sem hætt hefur verið við framkvæmdir. Með skráðum stöðvum er átt við þær stöðvar, sem hafa hafið rekstur, eru í byggingu og þær sem fyrirhuga að hefja eldi. Við mat á fjölda stöðva er notast við landfræðilegar forsendur. Það er að segja að fiskeldisfyrirtæki sem er með fiskeldi eða hafabeit á þrem vel landfræðilega aðskildum stöðum flokkast sem þrjár stöðvar og fiskeldisfyrirtæki með seiðaeldi, strandeldi og hafbeit á sama stað sem ein stöð.

Af 113 fiskeldis- og hafbeitarstöðvum sem eru á skrá hafa 94 hafið rekstur (sjá viðauka 1) og 19 eru í byggingu eða í undirbúningi. Margar þeirra stöðva sem eru í rekstri eru mjög smáar og eru það aðeins um 50 stöðvar þar sem unnið er meira en eitt ársverk. Stöðvar sem gefa minna en eitt ársverk eru flestar minni hafbeitarstöðvar og seiðaeldisstöðvar sem framleiða smáseiði til sleppinga í ár og vötn.

Eftirfarandi eldisaðferðir eru notaðar hér á landi: seiðaeldi, land- og strandeldi, kvía- og fareldi, og hafbeit. Af 94 fiskeldisfyrirtækjum sem hafa hafið rekstur eru 60 með seiðaeldi, 19 með land- og strandeldi, 21 með kvía- og fareldi og 20 með hafbeit.

## 3.0 FRAMLEIÐSLUGETA ÍSLENSKRA FISKELDISSTÖÐVA.

Framleiðsla ársins 1987 endurspeglar ekki framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva þar sem flestar eldisstöðvar eru nýlega byrjaðar með rekstur. Yfirlit yfir framleiðslugetu íslenskra fiskeldisstöðva er að finna í töflu 1.

Tafla 1. Framleiðslugeta íslenskra eldisstöðva miðað við samanlagt eldisrými.

| Aðferðir | Rými | Framleiðslugeta |
|---|---|---|
| Seiðaeldi | 40.000 $m^3$ | 20.0 milljónir |
| Strandeldi | 50.000 $m^3$ | 1.250 tonn |
| Kvíaeldi | 200.000 $m^3$ | 3.000 tonn |

Eldisrými seiðaeldisstöðva er samtals 40.000 rúmmetrar og miðað við að framleidd séu 500 seiði á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra um 20.0 milljónir gönguseiða. Í lok ársins 1986 var eldisrými seiðaeldisstöðva 20.000 rúmmetrar og hefur því eldisrými seiðaeldisstöðva tvöfaldast á árinu 1987. Á þessu ári er ekki gert ráð fyrir neinni verulegri aukningu í eldisrými seiðaeldisstöðva.

Eldisrými land- og strandeldisstöðva er 50.000 rúmmetrar og miðað við 25 kg framleiðslu á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra 1.250 tonn. Á árinu 1987 hefur eldisrými land- og strandeldisstöðva lítið breyst. Á þessu ári er gert ráð fyrir að eldisrými aukist um 30-40.000 rúmmetra.

Eldisrými kvía-og fareldisstöðva er samtals 200.000 rúmmetrar og miðað við 15 kg framleiðslu á rúmmetra er framleiðslugeta þeirra 3.000 tonn. Á árinu 1986 var eldisrými kvíaeldisstöðva 74.000 rúmmetrar og hefur því eldisrýmið aukist um 126.000 rúmmetra á einu ári. Á þessu ári er gert ráð fyrir að eldisrými kvíaeldisstöðva fari yfir 300.000 rúmmetra.

Miðað við það eldisrými sem er í kvía- og fareldi og land- og strandeldi er framleiðslugeta matfiskeldisstöðva 4.250 tonn. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta íslenskra matfiskeldisstöðva verði kominn yfir 6.000 tonn í lok ársins.

## 4.0 FRAMLEIÐSLAN.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir eldisframleiðslunni árið 1987. Fyrst er fjallað um laxeldi, þá silungseldi og að síðustu aðrar eldistegundir.

Framleiðsla í laxeldi skiptist í seiðaeldi, matfiskeldi og hafbeit. Í seiðaeldi eru gönguseiði talin lokastig framleiðslunnar og smáseiði ekki talin til framleiðslu nema ef sala á þeim hefur átt sér stað frá eldisstöð. Öll gönguseiði eru hinsvegar talin til framleiðslu hvort sem þau eru seld eða nýtt í áframeldi eða hafbeit af framleiðendum sjálfum. Stórseiði eru ekki tilgreind sérstaklega heldur talin með gönguseiðaframleiðslunni

Í matfiskeldi skiptist framleiðslan í strand- og landeldi og kvía- og fareldi. Sá fiskur telst til framleiðslu sem var seldur á árinu, hvort heldur er á neytendamarkað eða til annara nota (klakfiskur). Hið sama gildir um lax úr hafbeit.

Sundurliðun á framleiðslu einstakra stöðva í laxeldi er í viðauka 1.

## 4.1 LAXELDI.

Í töflu 2 er að finna yfirlit yfir framleiðslu íslenskra fiskeldis- og hafbeitarstöðva á árinu 1987. Yfirlit yfir framleiðslu einstakra stöðva og landshluta er að finna í viðauka 1.

Tafla 2. Framleiðsla á laxi, smáseiðum, gönguseiðum og matfiski hjá íslenskum fiskeldis- og hafbeitarstöðvum árið 1987.

| Framleiðsla | Magn |
|---|---|
| Smáseiði | 2.963 þús.stk. |
| Gönguseiði | 4.581 þús.stk. |
| Matfiskur | 530 tonn |

Framleiðsla seiðaeldisstöðva skiptist þannig að 24 stöðvar skila samtals 2.963 þúsund smáseiðum en 29 stöðvar 4.581 þúsund gönguseiðum.

Um 90 % aukning hefur orðið í framleiðslu smáseiða frá árinu 1986, en þá voru 11 stöðvar með 1.528 þús. smáseiði í stað 24 nú í ár. Framleiðsluaukning í gönguseiðaeldi er um 140% á milli ára. Árið 1986 var heildarframleiðslan 1.910 þúsund gönguseiði frá 23 stöðvum en er um 4.581 þúsund á árinu 1987 frá 29 stöðvum.

Framleiðsla á sláturlaxi í strand- og landeldi, kvíaeldi og fareldi og svo hafbeit var samtals 530 tonn. Að þessari framleiðslu stóðu 29 stöðvar og er þetta um 180 % aukning frá árinu 1986 en þá voru framleidd 188 tonn hjá 15 stöðvum.

Strand- og landeldisstöðvar framleiddu 223 tonn á árinu 1987 og stóðu 9 stöðvar að þessari framleiðslu. Þetta er 13 sinnum meira magn en var framleitt árið 1986 en þá var framleiðslan 17.1 tonn hjá 5 stöðvum. Hlutur einnar strandeldisstöðvar, Íslandslax h/f, var 200 tonn eða um 90% af framleiðslu strand- og landeldisstöðva á árinu 1987.

Í kvía- og fareldi voru 16 stöðvar með samtals 266.5 tonna framleiðslu árið 1987 á móti 5 stöðvum með 106 tonn árið 1986. Af kvíaeldistöðvum framleiddi ISNO mest á árinu 1987, eða 100 tonn.

Á síðasta ári skiluðu sér 14.140 laxar eða um 40.2 tonn í 11 hafbeitarstöðvar. Þetta er um 45 % minna en árið 1986, en þá skiluðu sér rúmlega 25.000 laxar. Mest endurheitist í Vogalax h/f, rúmlega 5.000 laxar og Pólarlax h/f rúmlega 4.000 laxar, en aðrar stöðvar endurheimtu minna en 2.000 laxa.

## 4.2 SILUNGSELDI.

Yfirlit yfir framleiðslu í silungseldi er að finna í töflu 3. Hér á landi eru í eldi bleikja (sjóbleikja), urriði (sjóbirtingur) og regnbogasilungur.

Tafla 3. Framleiðsla á regnbogasilungi, bleikju og urriða hjá íslenskum fiskeldisstöðvum árið 1987.

| Framleiðsla | Smáseiði | Sjóeldisseiði | Matfiskur |
|---|---|---|---|
| Regnbogasilungur | | 500.000 stk | 139.0 tonn |
| Bleikja | 26.000 stk | 15.000 stk | 2.5 tonn |
| Urriði | 370.000 stk | 100.000 stk | 11.0 tonn |
| Samtals | 396.000 stk | 615.000 stk | 152.5 tonn |

Á árinu 1987 voru framleidd 396 þúsund silunga-smáseiði og 615 þúsund sjóeldisseiði.

Framleiðsla á regnbogasilungi var 139 tonn á síðasta ári og stóðu 4 stöðvar að þeirri framleiðslu. Mest var framleitt hjá Laxalóni h/f í Hvammsvík, um 120 tonn, sem er 86% af framleiddum regnbogasilungi. Af bleikju og urriða voru framleidd 2.5 og 11.0 tonn. Heildarframleiðsla á silungi á árinu 1987 var 152.5 tonn. Svipað magn var framleitt af silungi á síðasta ári og á árinu 1986 en þá voru framleidd 150 tonn.

## 4.3 ANNAÐ ELDI

Hafrannsóknarstofnun og Íslandslax h/f standa að tilraunum með lúðueldi að Stað við Grindavík. Einnig er Fiskeldi Eyjafjarðar h/f með tilraunareldi á lúðu á Hjalteyri. Eldi á kræklingum er á vegum Napa h/f í Hvalfirði.

## 4.4 VERÐMÆTI ELDISAFURÐA.

Yfirlit yfir meðalverð og verðmæti hinna mismunandi eldisafurða er að finna í töflu 4. Verð á smáseiðum miðast við að seiðin séu afhent við stöðina og verð á gönguseiðum er miðað við að seiðin séu seltuvanin. Meðalverð á matfiski miðast við að fiskurinn sé pakkaður og tilbúinn til útflutnings.

Tafla 4. Meðalskilaverð og heildarverð eldisafurða á árinu 1987

| Tegund | Framleiðsla | Meðalskilaverð | Heildarframl.-verðmæti |
|---|---|---|---|
| Lax | Smáseiði | 13 kr/stk | 38.5 milljónir |
| Lax | Gönguseiði | 70 kr/stk | 320.5 milljónir |
| Lax | Matfiskur | 260 kr/stk | 138,0 milljónir |
| Silungur | Smáseiði | 10 kr/stk | 4.0 milljónir |
| Silungur | Sjóeldisseiði | 40 kr/stk | 25.0 milljónir |
| Silungur | Matfiskur | 150 kr/stk | 23.0 milljónir |

Heildarverðmæti laxeldisafurða á árinu 1987 var um 497 milljónir króna, en verðmæti afurða úr silungseldi hinsvegar 52 milljónir. Samtals eru þetta því um 549 milljónir sem er meira en tvöföldun frá árinu 1986, en þá var heildarframleiðsluverðmæti 266 milljónir króna. Framleiðsla laxagönguseiða skilaði mestum hluta verðmætanna, eða um 320 milljónum króna, sem er tæplega 60% af framleiðsluverðmætum ársins.

## 5.0 ATVINNUTÆKIFÆRI Í FISKELDI.

Yfirlit yfir fjölda ársstarfa í fiskeldi á Íslandi, dreifingu ársverka í fiskeldi milli kjördæma í landinu og meðalfjölda ársverka í stöð er að finna í töflu 5.

Tafla 5. Dreifing ársverka í fiskeldi milli kjördæma í landinu og meðalfjöldi ársverka í stöð.

| Kjördæmi | Árs-störf | % af heild | Fjöldi stöðva | Fjöldi á stöð |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.5 | 4.7 | 7 | 1.6 |
| Reykjanes | 70.0 | 28.9 | 15 | 4.7 |
| Vesturland | 24.0 | 9.9 | 16 | 1.5 |
| Vestfirðir | 17.0 | 7.0 | 13 | 1.3 |
| Norðurland vestra | 15.5 | 6.4 | 4 | 3.9 |
| Norðurland eystra | 31.5 | 13.0 | 10 | 3.1 |
| Austurland | 4.0 | 1.6 | 3 | 1.3 |
| Suðurland | 69.0 | 28.5 | 26 | 2.7 |
| Samtals | 242.5 | 100.0 | 94 | 2.6 |

Fjöldi ársstarfa í fiskeldi á árinu 1987 var 242.5 og er þetta 33% aukning frá fyrra ári en þá voru 182.5 ársstörf í fiskeldi. Flest ársverk voru unnin á Reykjanesi, eða 70, sem er 28.9% allra ársverka í fiskeldi á landinu. Að meðaltali voru 2.6 starfsmenn í fiskeldisstöðvum á árinu 1987, en á árinu 1986 voru starfsmenn að meðaltali 2.5.

## 6.0 FRAMLEIÐSLAN NÆSTU ÁR.

### 6.1 SEIÐAELDI - BIRGÐARSTAÐA OG FRAMLEIÐSLAN NÆSTU ÁR.

Í töflu 6 er að finna yfirlit yfir birgðir laxa og silungsseiða í íslenskum seiða eldisstöðvum um áramót 1987/1988.

Tafla 6. Birgðir laxa- og silungseiða (talið í stk.) í íslenskum seiðaeldisstöðvum um áramót 1987/88, flokkaðar eftir stærð seiða.

| Tegund\stærð | <5 gr | 5-100 gr | >100 gr | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| lax | 2.600.000 | 15.700.000 | 105.000 | 18.405.000 |
| Regnbogasilungur | | 600.000 | 200.000 | 800.000 |
| Urriði | | 260.000 | 5.000 | 265.000 |
| Bleikja | | 20.000 | | 20.000 |
| Samtals | 2.600.000 | 16.580.000 | 310.000 | 19.490.000 |

Um áramót 1987/88 voru til um 18.5 milljónir laxaseiða og um 1 milljón silungsseiða í íslenskum seiðaeldisstöðvum. Ef gert er ráð fyrir að 65% laxaseiðanna lifi og verði að gönguseiðum í vor má gera ráð fyrir að framleiðsla gönguseiða verði um **12** milljónir laxaseiða og tæplega milljón silungsseiða í ár. Áætlað er að settar verði um 2 milljónir seiða í hafbeit og 2-3 milljónir í áframeldi og gert er ráð fyrir að í hæst lagi verði hægt að flytja út 4 milljónir laxaseiða. Samtals gerir þetta 8-9 milljónir seiða og miðað við 12

milljóna seiða framleiðslu er óráðstafað um 3-4 milljónum og meira ef minna en 4 milljónir seiða verða fluttar út.

Á þessum vetri hafa verið teknar rúmar 40 milljónir hrogna til startfóðrunar og má gera ráð fyrir að það gefi af sér rúmar **15** milljónir seiða á árinu 1989. Eins og áður hefur komið fram er framleiðslugeta íslenskra seiðaeldisstöðva um 20 milljónir. Ekki ætti því að vera fjarri lagi að áætla að framleiðslan geti numið 15-20 milljónum gönguseiða á næsta ári.

## 6.2 MATFISKELDI - BIRGÐASTAÐA OG FRAMLEIÐSLAN NÆSTU ÁR.

Í töflu 7 er að finna birgðastöðu silungs og lax í kvía- og fareldisstöðvum og land- og strandeldisstöðum um áramótin 1987/88.

Tafla 7. Birgðir af silungi og laxi (talið í stk.) í matfiskeldisstöðvum um áramótin 1987/88.

| Tegund\Stærð | < 1 kg | > 1 kg | Samtals |
|---|---|---|---|
| Lax | 1.270.000 | 555.000 | 1.825.000 |
| Regnbogasilungur | 350.000 | 30.000 | 380.000 |
| Bleikja | 10.000 | | 10.000 |
| Urriði | 70.000 | 10.000 | 80.000 |
| Samtals | 1.700.000 | 595.000 | 2.295.000 |

Á síðasta ári voru settar um 1.5 milljónir laxaseiða og um 0.5 milljónir silungsseiða í áframeldi hér á landi. Birgðastaðan um áramót 1987/88 var um 2.3 milljónir og af því voru 595 þúsund fiskar yfir 1 kíló að þyngd.

Áætlað er að framleidd verði 1.800 tonn af laxi og silungi á þessu ári, þ.e. 1.400 tonn af laxi og 400 tonn af silungi. Á árinu 1989 er gert ráð fyrir að framleidd verði 3.000 tonn af laxi og silungi. Hlutur hafbeitar af framleiðslu þessara ára verður lítill. Árið 1987 var sleppt 950 þúsund seiðum og má gera ráð fyrir að það gefi af sér tæp 200 tonn af laxi. Í ár er gert ráð fyrir að sleppa um 2 milljónum seiða í hafbeit og gera má ráð fyrir að sú slepping gefi um 3-400 tonn árið 1989.

Tafla 8. Áætluð framleiðsla lax og silungs í tonnum hjá íslenskum matfiskeldisstöðvum árin 1988 og 1989.

| Tegund\Ár | 1988 | 1989 |
|---|---|---|
| Lax | 1.400 | 2.500 |
| Silungur | 400 | 500 |
| Samtals | 1.800 | 3.000 |

## 7.0 ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM ELDISSTÖÐVAR.

Í viðauka 2 er listi yfir allar skráðar fiskeldis- og hafbeitarstöðvar í landinu samkvæmt skráningu Veiðimálastofnunar 1 janúar 1988, þ.e. þær stöðvar sem hafa hafið rekstur, stöðvar sem eru í byggingu og þær sem fyrirhuga að hefja eldi. Þar er skráð staðsetning stöðvanna, nöfn stöðvastjóra og símanúmer í stöð. Stöðvunum er raðað eftir skráningarnúmerum þeirra, þannig að stöðvar í sömu kjördæmum, sýslu eða hreppum eru saman. Í viðauka 1 er yfirlit yfir allar þær stöðvar sem hafa hafið rekstur.

## 8.0 HEIMILDIR.

Árni Helgason 1985. Framleiðsla fiskeldis- og hafbeitarstöðva á Íslandi árið 1984. Veiðimálastofnun VMST-R/85005:13bls.

Árni Helgason 1986. Framleiðsla íslenskra fiskeldisstöðva á árinu 1985. Veiðimálastofnun VMST-R/86013:12bls.

Árni Helgason 1986. Framleiðsla í íslensku fiskeldi 1986. Veiðimálastofnun VMST-R/86032:12bls.

Upplýsingar frá forsvarsmönnum fiskeldisstöðva í landinu.

VIÐAUKI 1.
FRAMLEIÐSLA Í LAXELDI ÁRIÐ 1987 SKIPT
EFTIR STÖÐVUM OG KJÖRDÆMUM.

Í þessari skrá eru eingöngu þær stöðvar sem teknar eru til starfa. Stöðvar sem eru í undirbúningi eða ekki í rekstri eru undanskildar. SS eru smáseiði,GS eru gönguseiði (í þúsundum talið) og SE,KE og HB tákna strandeldi,kvíaeldi og hafbeit (í tonnum talið).

| SKRÁN.NR | ELDISSTÖÐ | SS | GS | SE | KE | HB |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | | | | | | |
| 0000-1010 | ELDISSTÖÐ VIÐ ELLIÐAÁR | 15.0 | 18.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1020 | ELDISSTÖÐIN KELDUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1030 | LAXALÓN SF (v/Vesturlandsveg) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1040 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 4.0 | 0.0 |
| 0000-1060 | HAFLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 20.0 | 0.0 |
| 0000-1070 | FISKELDISSTÖÐ ÍVARS FRIÐÞJÓFSS | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 0000-1080 | SVEINBJÖRN RUNÓLFSSON HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 5.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 7 STÖÐVAR MEÐ: | 15.0 | 18.0 | 0.0 | 29.0 | 0.0 |
| REYKJANES | | | | | | |
| 2501-1010 | ELDI HF | 0.0 | 0.0 | 7.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2501-1020 | FISKELDI GRINDAVÍKUR HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2501-1040 | ÍSLANDSLAX HF | 0.0 | 550.0 | 200.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2502-1010 | SJÓELDI HF | 0.0 | 100.0 | 0.0 | 0.0 | 0.1 |
| 2502-1020 | SILFURGEN HF (Kalmanstjörn) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2503-1010 | ATLANTSLAX HF(Sandgerði) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2506-1010 | VOGALAX HF | 0.0 | 400.0 | 0.0 | 0.0 | 13.2 |
| 2506-1030 | SJÓELDI HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 55.0 | 0.0 |
| 2507-1010 | PÓLARLAX HF | 0.0 | 200.0 | 0.0 | 6.0 | 10.0 |
| 2507-1020 | HAFELDI HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 5.0 | 0.0 |
| 2602-1020 | ELDISSTÖÐ SVFR | 42.5 | 12.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2603-1010 | LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | 0.0 | 230.0 | 0.0 | 1.0 | 7.0 |
| 2603-1020 | FELLALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2604-1010 | LAXALÓN HF(Hvammsvík) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 2604-1020 | TILRAUNAELDISSTÖÐ NAPA HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 15 STÖÐVAR MEÐ: | 42.5 | 1492.0 | 207.0 | 67.0 | 30.3 |
| VESTURLAND | | | | | | |
| 3501-1010 | FISKELDISFÉLAGIÐ STRÖND HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 5.0 | 0.0 |
| 3501-1020 | KVÍAELDISSTÖÐIN FERSTIKLU | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3502-1010 | ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF | 0.0 | 0.0 | 0.5 | 0.0 | 0.0 |
| 3504-1020 | HAFNARLAX | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3505-1010 | KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | 28.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3509-1010 | FISKRÆKTARSTÖÐ VESTURLANDS | 50.0 | 150.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3509-1020 | SEIÐAELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3709-1010 | LÁTRAVÍK HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 4.9 |
| 3709-1020 | SNÆLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 25.0 | 0.0 |
| 3709-1030 | HAFBEITARSTÖÐ SILFURLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3709-1040 | HAFBEITARSTÖÐ Á KIRKJUFELLI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3712-1010 | HAFBEITARSTÖÐ SMÁRA HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3805-1010 | SEIÐAELDISSTÖÐ AÐ MAGNÚSARSK. | 20.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3809-1010 | DALALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.4 |
| 3809-1020 | ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | 200.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 3809-1030 | HAFBEITARSTÖÐIN KLEIFUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.2 |
| | SAMTALS 16 STÖÐVAR MEÐ: | 298.0 | 150.0 | 0.5 | 30.0 | 5.5 |

VESTFIRÐIR

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 4501-1010 | SILFURSÍLI I | 1.4 | 1.5 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4601-1020 | KLAK- OG ELDISSTÖÐIN SEFTJÖRN | 20.0 | 90.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4603-1010 | VESTURLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 22.0 | 0.0 |
| 4604-1010 | LAX HF | 0.0 | 0.0 | 5.1 | 0.0 | 0.0 |
| 4604-1020 | ÞÓRSLAX HF | 0.0 | 0.0 | 5.0 | 5.0 | 0.0 |
| 4604-1040 | ELDISSTÖÐIN BÚÐEYRI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4604-1050 | SVEINSEYRARLAX | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4706-1010 | HAFBEITARSTÖÐIN BOTNI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4805-1020 | LAXELDISSTÖÐIN HVERAVÍK | 0.0 | 10.0 | 3.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4805-1030 | FISKELDISSTÖÐIN BOTNI | 8.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4806-1010 | ÍSLAX HF | 30.0 | 216.5 | 0.0 | 0.0 | 0.2 |
| 4806-1020 | BLÆLAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 4902-1010 | ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | 0.0 | 2.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 13 STÖÐVAR MEÐ: | 59.4 | 320.0 | 13.1 | 27.0 | 0.2 |

NORÐURLAND VESTRA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 5100-1020 | HAFRÚN HF | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 0.0 | 0.0 |
| 5709-1010 | HÓLALAX HF | 240.0 | 210.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 5713-1010 | FLJÓTALAX HF | 0.0 | 330.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 5714-1010 | MIKLILAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 4 STÖÐVAR MEÐ: | 240.0 | 540.0 | 1.0 | 0.0 | 0.0 |

NORÐURLAND EYSTRA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 6100-1010 | FISKELDI HF | 35.0 | 157.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6100-1020 | KLAKSTÖÐIN HF | 80.0 | 30.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6200-1010 | ÓSLAX HF | 250.0 | 40.0 | 0.0 | 6.5 | 1.5 |
| 6200-1020 | FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6503-1010 | ÖLUNN HF | 0.0 | 0.0 | 1.0 | 1.0 | 0.0 |
| 6506-1010 | FISKELDI EYJAFJARÐAR | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6610-1010 | NORÐURLAX HF | 298.0 | 175.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6701-1010 | ÁRLAX HF | 0.0 | 250.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 6701-1020 | ÍSNÓ HF (Kelduhverfi) | 0.0 | 120.0 | 0.0 | 100.0 | 2.1 |
| 6708-1010 | FISKHALDSSTÖÐIN NAUSTIN | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.6 |
| | SAMTALS 10 STÖÐVAR MEÐ: | 663.0 | 772.0 | 1.0 | 107.5 | 4.2 |

AUSTURLAND

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 7000-1010 | STRANDALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 7100-1010 | MÁNALAX HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 4.0 | 0.0 |
| 7502-1010 | LÓNALAX | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 2.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 3 STÖÐVAR MEÐ: | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 6.0 | 0.0 |

SUÐURLAND

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8000-1010 | ÍSNÓ HF (Vestmannaeyjar) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8502-1010 | KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8502-1020 | FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8502-1030 | KLAKHÚSIÐ BOTNUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8502-1040 | KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8506-1010 | ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | 6.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8608-1010 | ELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | 30.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8608-1020 | BÚFISKUR HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8608-1030 | SJÁVARGULL HF | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8610-1010 | FISKELDISTÖÐ SUMARLIÐABÆ | 5.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8702-1010 | LAXELDISSTÖÐIN STOKKSEYRI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8705-1010 | BAKKALAX | 0.0 | 100.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8705-1020 | VATNARÆKT HF | 200.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8710-1010 | FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | 104.0 | 1.9 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8711-1010 | SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8712-1010 | LAUGARLAX HF | 250.0 | 198.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8713-1010 | FJALLALAX HF | 850.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1010 | KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | 140.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1020 | KLAKHÚSIÐ ÞURÁ | 30.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1030 | LAXALÓN SF (Fiskalóni) | 0.0 | 177.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1040 | SILFURLAX HF (Núpum III) | 0.0 | 360.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1050 | ÍSÞÓR HF | 0.0 | 80.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1060 | SMÁRI HF | 30.0 | 172.0 | 0.4 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1070 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF | 0.0 | 200.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1110 | ELDISSTÖÐIN AÐ AUÐNSHOLTI | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| 8717-1140 | ÍSNO HF(ÖXNALÆKUR) | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 0.0 |
| | SAMTALS 26 STÖÐVAR MEÐ: | 1645.0 | 1288.9 | 0.4 | 0.0 | 0.0 |
| | | | | | | |
| HEILDARFRAMLEIÐSLA FYRIR LANDIÐ: | | 2962.9 | 4580.9 | 223.0 | 266.5 | 40.2 |

VIÐAUKI 2.

SKRÁ YFIR SKRÁÐAR ÍSLENSKAR FISKELDISSTÖÐVAR SEM ERU STARFANDI EÐA Í UNDIRBÚNINGI ÁSAMT HEIMILISFÖNGUM, NÖFNUM STÖÐVARSTJÓRA OG SÍMANÚMERUM Í STÖÐVUM. ELDISSTÖÐVUM ER RAÐAÐ EFTIR SKRÁNINGARNÚMERUM OG SKIPT NIÐUR EFTIR KJÖRDÆMUM.

| SKRÁN.NR | ELDISSTÖÐ | AÐSETUR | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | | | | | | |
| 0000-1010 | ELDISSTÖÐIN VIÐ ELLIÐAÁR | ELDISSTÖÐV/ELLIÐAÁR | | 110, REYKJAVÍK | JAKOB HAFSTEIN | 91-39960 |
| 0000-1020 | ELDISSTÖÐIN KELDUM | TILRAUNAST. HÍ Í MEINAFR | PÓSTHÓLF 8540 | 128, REYKJAVÍK | SIGURÐUR HELGASON | 91-82811 |
| 0000-1030 | LAXALÓN SF (v/Vesturlandsveg) | LAXALÓNI V/VESTURLANDSV. | | 110, REYKJAVÍK | HALLDÓRA EINARSDÓTTIR | 91-83661 |
| 0000-1040 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF | EIÐISVÍK | | 110, REYKJAVÍK | SIGURBERG KJARTANSSON | 91-675030 |
| 0000-1060 | HAFLAX HF | EIÐISVÍK | | 110, REYKJAVÍK | EINAR SIGURJÓNSSON | 985-24627 |
| 0000-1070 | FISKELDISSTÖÐ ÍVARS FRIÐÞJÓFSS. | GELDINGANESI | | 110, REYKJAVÍK | ÍVAR FRIÐÞJÓFSSON | 91-23188 |
| 0000-1080 | SVEINBJÖRN RUNÓLFSSON HF | EIÐISVÍK | | 110, REYKJAVÍK | SVEINBJÖRN RUNÓLFSSON | 91-681850 |
| 0000-1090 | FISKELDISSTÖÐ KELDNAHOLTI | KELDNAHOLTI | | 110, REYKJAVÍK | | |
| REYKJANES | | | | | | |
| 2501-1010 | ELDI HF | HÚSATÓFTUM | GRINDAVÍKURHREPPUR | 240, GRINDAVÍK | JÓN PÉTURSSON | 92-68716 |
| 2501-1020 | FISKELDI GRINDAVÍKUR HF | | POSTHÓLF 59 | 240, GRINDAVÍK | JÓNAS MATTHÍASSON | 92-68750 |
| 2501-1040 | ÍSLANDSLAX HF | STAÐ | GRINDAVÍKURHREPPUR | 240, GRINDAVÍK | JÓN ÞÓRÐARSON | 92-68790 |
| 2501-1050 | ATLANTSLAX HF (Grindavík) | STAÐ | | 240, GRINDAVÍK | | |
| 2501-1060 | TILRAUNAST. HAFRANNSÓKNARST. | STAÐ | | 240, GRINDAVÍK | GUNNAR SIGURÞÓRSSON | 92-68232 |
| 2502-1010 | SJÓELDI HF | KIRKJUVOGI 13 | | 233, HAFNIR | JÓHANN SIGURBERGSSON | 92-16944 |
| 2502-1020 | SILFURGEN HF | KALMANSTJÖRN | HAFNARHREPPI | 233, HAFNIR | SIGURÐUR G. MAGNÚSSON | 92-16922 |
| 2503-1010 | ATLANTSLAX HF (Sandgerði) | VIÐ VÍKURBRAUT | MIÐNESHREPPI | 245, SANDGERÐI | ÁRSÆLL SIGURÞÓRSSON | 92-37870 |
| 2503-1020 | SANDÓS SF. | BÆJARSKERSLANDI | MIÐNESHREPPI | 245, SANDGERÐI | | |
| 2505-1010 | SEIÐAELDISTÖÐ Y-NJARÐVÍK | BJARGI | | 260, NJARÐVÍK | KARVEL ÖGMUNDSSON | 92-11201 |
| 2506-1010 | VOGALAX HF | VOGAR | | 190, VOGAR | SVEINBJÖRN ODDSSON | 92-46649 |
| 2506-1030 | LINDARLAX HF | VATNSLEYSUSTRÖND | VATNSLEYSUSTRA.HR. | 190, VOGAR | | |
| 2506-1030 | SJÓELDI HF | STAPA Í STAKKSFIRÐI | | 190, VOGAR | JÓHANN SIGURBERGSSON | 92-16944 |
| 2507-1010 | PÓLARLAX HF | STRAUMSVÍK | PÓSTHÓLF 380 | 220, HAFNARFIRÐI | JÓHANN GEIRSSON | 91-54615 |
| 2507-1020 | HAFELDI HF | STRAUMSVÍK | PÓSTHÓLF 1496 | 220, HAFNARFIRÐI | SIGURÐUR BRAGASON | 985-25540 |
| 2508-1010 | FISKELDISSTÖÐIN SELSKARÐI | SELSKARÐI | BESSASTAÐAHREPPI | 225, ÁLFTANES | | |
| 2602-1020 | ELDISSTÖÐ SVFR | SKÓGARNESI | | 270, VARMÁ | GUÐMUNDUR BANG | 91-666512 |
| 2603-1010 | LAXELDISSTÖÐ RÍKISINS | KOLLAFIRÐI | KJALARNESHREPPUR | 270, VARMÁ | ÓLAFUR ÁSMUNDSSON | 91-666380 |

| SKRÁN.NR | ELDISSTÖÐ | AÐSETUR | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJANES (frh.) | | | | | | |
| 2603-1020 | FELLALAX HF | KJALARNESI | KJÓSARHREPPI | 270, VARMÁ | GUÐMUNDUR BANG | 91-667475 |
| 2603-1030 | FISKELDISSTÖÐIN SJÁVARGULL HF. | VIÐ ÞERNEY | KJALARNESHREPPI | 270, VARMÁ | | |
| 2604-1010 | LAXALÓN HF(Hvammsvík) | HVAMMSVÍK | KJÓSARHREPPI | 270, VARMÁ | MORTEN OTTESEN | 91-667022 |
| 2604-1020 | TILRAUNAELDISSTÖÐ NAPA HF | HVÍTANESI | KJÓSARHREPPI | 270, VARMÁ | | |
| VESTURLAND | | | | | | |
| 3501-1010 | FISKELDISFÉLAGIÐ STRÖND HF | SAURBÆ | STRANDAHREPPI | 301, AKRANES | FINNUR GARÐARSSON | 93-38861 |
| 3501-1020 | KVÍAELDISSTÖÐIN FERSTIKLU | FERSTIKLU | STRANDAHREPPI | 301, AKRANES | VÍFILL BÚASON | 93-38838 |
| 3502-1010 | ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF | GRUNDARTANGA | SKILMANNAHREPPI | 301, AKRANES | BERGMANN ÞORLEIFSSON | 93-13344 |
| 3502-1030 | FISKELDI Á KALSTAÐAKOTI (HVALF.) | KALASTAÐARKOT | STRANDARHREPPI | 301, AKRANES | | |
| 3504-1020 | HAFNARLAX | HÖFN | STAFHOLTSTUNGNAHR. | 311, BORGARNES | RÚNAR RAGNARSSON | 93-71214 |
| 3505-1010 | KLAKSTÖÐIN FOSSATÚNI | FOSSATÚNI | ANDAKÍLSHREPPI | 311, BORGARNES | STURLA GUÐBJARNARSON | 93-51243 |
| 3509-1010 | FISKRÆKTARSTÖÐ VESTURLANDS | LAXEYRI | HÁLSAHREPPI | 311, BORGARNES | BJARNI ÁSKELSSON | 93-51380 |
| 3509-1020 | SEIÐAELDISSTÖÐIN HÚSAFELLI | HÚSAFELLI | HÁLSAHREPPUR | 311, BORGARNES | BERGÞÓR KRISTLEIFSSON | 93-51454 |
| 3709-1010 | LÁTRAVÍK HF | LÁRÓSI | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARF. | JÓN KR. SVEINSSON | 93-88776 |
| 3709-1020 | SNÆLAX HF | SÓLVELLIR 2 | | 350, GRUNDARF. | PÁLL G. GUÐMUNDSSON | 93-86631 |
| 3709-1030 | HAFBEITARSTÖÐ SILFURLAX HF | HRAUNSFIRÐI | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARFJ. | | |
| 3709-1040 | HAFBEITARSTÖÐ Á KIRKJUFELLI | KIRKJUFELL | EYRARSVEIT | 350, GRUNDARF. | HARALDUR MAGNÚSSON | |
| 3712-1010 | HAFBEITARSTÖÐ SMÁRA HF | SVÍNAFOSSÁ | SKÓGARSTRANDARHR. | 371, BÚÐARDALUR | | |
| 3805-1010 | SEIÐAELDISST. MAGNÚSARSKÓGUM | MAGNÚSARSKÓGUM III | HVAMMSHREPPI | 371, BÚÐARDALUR | HALLDÓR GUÐMUNDSSON | 93-41259 |
| 3809-1010 | DALALAX HF | HVOLI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | INGIBERG HANNESSON | 93-41533 |
| 3809-1020 | ELDISSTÖÐIN KVERNGRJÓTI | KVERNGRJÓTI | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDALUR | HÖRÐUR GUÐMUNDSSON | 93-41514 |
| 3809-1030 | HAFBEITARSTÖÐIN KLEIFUM | KLEIFUM | SAURBÆJARHREPPI | 371, BÚÐARDAL | GUÐMUNDUR BANG | |
| VESTFIRÐIR | | | | | | |
| 4501-1010 | SILFURSÍLI I | GARPSDAL | GEIRDALSHREPPUR | 380, KRÓKSFJ.N. | REYNIR BERGSVEINSSON | 93-47855 |
| 4601-1020 | KLAK- OG ELDISSTÖÐIN SEFTJÖRN | SEFTJÖRN | BARÐASTRANDAHR. | 451, PATREKSFJ. | EINAR PÁLSSON | 94-2003 |
| 4603-1010 | VESTURLAX HF | TÚNGÖTU 10 | | 450, PATREKSFJ. | BJÖRN GÍSLASON | 94-1377 |
| 4604-1010 | LAX HF | NORÐURBOTNI | | 460, TÁLKNAFJ. | ÁRNI SIGURÐSSON | 94-2513 |
| 4604-1020 | ÞÓRSLAX HF | GILEYRI | | 460, TÁLKNAFJ. | MAGNÚS GUÐMUNDSSON | 94-2544 |
| 4604-1040 | ELDISSTÖÐIN BÚÐEYRI | BÚÐEYRI | | 460, TÁLKNAFJ. | BÁRÐUR ÁRNASON | 94-1396 |

| SKRÁN.NR | ELDISSTÖÐ | AÐSETUR | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VESTFIRÐIR (frh.)** | | | | | | |
| 4604-1050 | SVEINSEYRARLAX | MIÐTÚN13 | | 460, TÁLKNAFJÖRÐUR | SIGURÐUR FRIÐRIKSSON | 94-2538 |
| 4706-1010 | HAFBEITARSTÖÐIN BOTNI | BOTNI | | 430, SUÐUREYRI | BJÖRN BIRKISSON | 94-6255 |
| 4805-1020 | LAXELDISSTÖÐIN HVERAVÍK | HVERAVÍK | | 401, ÍSAFJÖRÐUR | PÉTUR BJARNASON | 94-3095 |
| 4805-1030 | FISKELDISSTÖÐIN BOTNI | BOTNI | REYKJAFJARÐARHREPPI | 401, ÍSAFJÖRÐUR | EINAR INGÓLFSSON | 94-4826 |
| 4806-1010 | ÍSLAX HF | NAUTEYRI | NAUTEYRARHREPPI | 401, ÍSAFJÖRÐUR | BENEDIKT EGGERTSSON | 94-4821 |
| 4806-1020 | BLÆLAX HF | HALLSTAÐIR | NAUTEYRARHREPPI | 401, ÍSAFJÖRÐUR | GYLFI GUÐJÓNSSON | 94-4813 |
| 4902-1010 | ELDISSTÖÐIN DRANGSNESI | DRANGSNESI | KALDRANANESHREPPI | 520, DRANGSNES | GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON | 95-3218 |
| **NORÐURLAND VESTRA** | | | | | | |
| 5100-1020 | HAFRÚN HF | SAUÐARKRÓKI | | 550, SAUÐÁRKRÓKUR | JÓHANN SVAVARSSON | 95-5280 |
| 5709-1010 | HÓLALAX HF | HÓLUM | HÓLAHREPPUR | 551, SAUÐÁRKRÓKUR | JÓN STEFÁNSSON | 95-6603 |
| 5713-1010 | FLJÓTALAX HF | REYKJARHÓLI | HAGANESHREPPI | 570, FLJÓT | TEITUR ARNLAUGSSON | 96-73215 |
| 5714-1010 | MIKLILAX HF | LAMBANESREYKJUM | HOLTSHREPPI | 570, FLJOT | TIM EDWARDS | 96-73249 |
| **NORÐURLAND EYSTRA** | | | | | | |
| 6100-1010 | FISKELDI HF | HAUKAMÝRARGILI | | 640, HÚSAVÍK | SVEINBJÖRN MAGNÚSSON | 96-41480 |
| 6100-1020 | KLAKSTÖÐIN HF | TRAÐARGERÐI | | 640, HÚSAVÍK | ÞORVALDUR VESTMANN | 96-41056 |
| 6200-1010 | ÓSLAX HF | GARÐI I | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | ÓLAFUR BJÖRNSSON | 96-62570 |
| 6200-1020 | FISKELDISSTÖÐIN HLÍÐ | HLÍÐ | | 625, ÓLAFSFJÖRÐUR | GUNNAR L. JÓHANNSSON | 96-62461 |
| 6503-1010 | ÖLUNN HF | SANDSKEIÐI | | 620, DALVÍK | ÞÓRÓLFUR ANTONSSON | 96-61275 |
| 6506-1010 | FISKELDI EYJAFJARÐAR | HJALTEYRI | ARNARNESHREPPI | 601, AKUREYRI | ÓLAFUR HALLDÓRSSON | 96-27489 |
| 6610-1010 | NORÐURLAX HF | LAXAMÝRI I | REYKJAHREPPI | 641, HÚSAVÍK | HALLDÓR D.BENEDIKTSSON | 96-41770 |
| 6701-1010 | ÁRLAX HF | ÁRTUNGU | KELDUNESHREPPI | 671, KÓPASKER | BENEDIKT KRISTJÁNSSON | 96-4111 |
| 6701-1020 | ÍSNÓ HF (Kelduhverfi) | LÓNI | KELDUNESHREPPI | 671, KÓPASKER | STEFÁN ÓLAFSSON | 96-52190 |
| 6702-1010 | SELJALAX | SKÓGALÓNI | ÖXARFJARÐARHREPPI | 671, KÓPASKER | | |
| 6702-1010 | LÓNALAX | SKÓGARLÓNI | | 690, VOPNAFJÖRÐUR | PÉTUR JÓNSSON | |
| 6708-1010 | FISKHALDSSTÖÐIN NAUSTIN HF | EIÐI | SAUÐANESHREPPI | 680, ÞÓRSHÖFN | VILHJÁLMUR ÞÓRÐARSON | 96-81203 |

| SKRÁN.NR | ELDISSTÖÐ | AÐSETUR | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AUSTURLAND** | | | | | | |
| 7000-1010 | STRANDALAX HF | STRANDARVEG 29-33 | | 710, SEYÐISFJÖRÐUR | SIGFINNUR MIKAELSSON | 97-21169 |
| 7100-1010 | MÁNALAX HF | STRANDGÖTU 43 | NORÐFJARÐARHREPPI | 740, NESKAUPSST. | GYLFI GUNNARSSON | 97-71724 |
| 7609-1010 | BERGSPLAN HF | VIÐBÚÐARÁ | | 730, REYÐARFJÖRÐUR | | |
| 7610-1010 | SJÓKVÍAELDI Í FÁSKRÚÐSFIRÐI | | | 750, FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR | | |
| 7611-1010 | ÚTGERÐARFÉLAGIÐ AKKUR | | | 750, FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR | | |
| **SUÐURLAND** | | | | | | |
| 8000-1010 | ÍSNÓ HF (Vestmannaeyjar) | KLETTSVÍK | | 900, VESTMANNAEY. | GUÐNI GEORGSSON | 98-2929 |
| 8502-1010 | KLAKHÚSIÐ YTRA-HRAUNI | YTRA-HRAUNI | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | ARNAR SIGURÐSSON | 99-7709 |
| 8502-1020 | FISKELDISSTÖÐIN TUNGU | LANDBROTI | KIRKJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | JÓN HJARTARSON | 99-7633 |
| 8502-1030 | KLAKHÚSIÐ BOTNUM | BOTNAR | LEIÐVALLARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL. | KJARTAN ÓLAFSSON | 99-7713 |
| 8502-1040 | KLAKHÚSIÐ ÞYKKVABÆ | ÞYKKVABÆ I | KIRJUBÆJARHREPPI | 880, KIRKJUBÆJARKL | SKÚLI JÓNSSON | 99-7706 |
| 8506-1010 | ELDISSTÖÐIN VÍK Í MÝRDAL | | HVAMMSHREPPUR | 870, VÍK Í MÝRDAL | ÞÓRIR KJARTANSSON | 99-7250 |
| 8608-1010 | ELDISSTÖÐIN FELLSMÚLA | FELLSMÚLA | LANDMANNAHREPPI | 801, SELFOSS | SIGURÐUR ÞÓRÐARSON | 99-5518 |
| 8608-1020 | BÚFISKUR HF | FLAGBJARNARHOLTI II | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLA | BRYNJÓLFUR TEITSSON | 99-5517 |
| 8608-1030 | SJÁVARGULL HF | LÆKJARBOTNUM | LANDMANNAHREPPI | 851, HELLA | BJARNI BJÖRNSSON | 99-5579 |
| 8610-1010 | FISKELDISTÖÐ SUMARLIÐABÆ | SUMARLIÐABÆ | ÁSAHREPPI | 851, HELLA | ÞÓRHALLUR STEINSSON | 99-5535 |
| 8610-1020 | ELDISSTÖÐIN KRÓKI | KRÓKI | ÁSAHREPPI | 851, HELLA | ÁRNI JÓNSSON | 99-5946 |
| 8610-1030 | FISKELDISSTÖÐ ÞJÓRSÁRTÚNI | ÞJÓRSÁRTÚNI | ÁSAHREPPI | 851, HELLA | | |
| 8702-1010 | LAXELDISSTÖÐIN STOKKSEYRI | HÁSTEINSVEGUR | STOKKSEYRARHREPPI | 825, STOKKSEYRI | STEFÁN M. JÓNSSON | 99-3314 |
| 8705-1010 | BAKKALAX | BAKKA II | SELFOSSHREPPI | 801, SELFOSS | SNORRI ÓLAFSSON | 99-2802 |
| 8705-1020 | VATNARÆKT HF | BAKKA I | SELFOSSHREPPI | 801, SELFOSS | JÓN Æ. SIGURBJÖRNSSON | 99-4184 |
| 8710-1010 | FISKELDISSTÖÐIN TUNGUFELLI | TUNGUFELLI | HRUNAMANNAHREPPI | 801, SELFOSS | SVANUR H. EINARSSON | 99-6723 |
| 8711-1010 | SEIÐAELDISSTÖÐIN SPÓASTÖÐUM | SPÓASTÖÐUM | BISKUPSTUNGNAHREPPI | 801, SELFOSS | ÞORFINNUR ÞORARINSSON | 99-6863 |
| 8712-1010 | LAUGARLAX HF | EYJARLAND | LAUGARDALSHREPP | 801, SELFOSS | HALLDÓR GUÐJÓNSSON | 99-6233 |
| 8712-1020 | FISKELDISSTÖÐ AUSTUREY I | AUSTUREY I, LAUGARDAL | LAUGARDALSHREPPI | 840, LAUGARVATN | | |
| 8713-1010 | FJALLALAX HF | HALLKELSHÓLUM II | GRÍMSNESHREPPI | 801, SELFOSS | HÖRÐUR FALSSON | 99-6415 |
| 8717-1010 | KLAKHÚSIÐ LAUGABÖKKUM | LAUGABÖKKUM | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | GUNNAR GUNNARSSON | 99-1422 |
| 8717-1020 | KLAKHÚSIÐ ÞURÁ | ÞURÁ | ÖLFUSHREPPI | 801 SELFOSS | ÞORLÁKUR KOLBEINSSON | 99-4513 |
| 8717-1030 | LAXALÓN SF (Fiskalóni) | FISKALÓNI | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | HOYBYE CHRISTENSEN | 99-4682 |
| 8717-1040 | SILFURLAX HF (Núpum III) | NÚPUM III | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | HANNES HELGASON | 99-4720 |
| 8717-1050 | ÍSÞÓR HF | NESBRAUT 25 | ÖLFUSHREPPI | 815, ÞORLÁKSHÖFN | JAKOB S. ÞÓRARINSSON | 99-3501 |
| 8717-1060 | SMÁRI HF | LAXABRAUT 5 | ÖLFUSHREPPI | 815, ÞORLÁKSHÖFN | VILHJÁLMUR GARÐARSSON | 99-3924 |
| 8717-1070 | ÍSLENSKA FISKELDISFÉLAGIÐ HF | LÆK | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | FRIÐRIK SIGURÐSSON | 99-2812 |

| SKRÁN.NR ELDISSTÖÐ | AÐSETUR | HREPPUR/PÓSTHÓLF | PÓSTFANG | STÖÐVARSTJÓRI | SÍMI |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLAND (frh.) | | | | | |
| 8717-1080 ELDISSTÖÐ AÐ NÚPUM | NÚPUM III | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8717-1110 ELDISSTÖÐIN AÐ AUÐNSHOLTI | AUÐNSHOLT | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | RUNÓLFUR GÍSLASON | 99-4433 |
| 8717-1120 FISKELDISSTÖÐIN LÆK | LÆK | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | | |
| 8717-1130 HAFNARELDI | HAFNARSKEIÐ 68 | | 815, ÞORLÁKSHÖFN | | |
| 8717-1140 ÍSNO HF (ÖXNALÆKUR) | ÖXNALÆKUR | ÖLFUSHREPPI | 801, SELFOSS | STEFÁN ÓLAFSSON | 99-4464 |